

## **Formáli**

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2019 var lögð fram til fyrri umræðu þann 8. nóvember 2018 og samþykkt við síðari umræðu ásamt eftirfarandi greinargerð þann 13. desember 2018. Vakin er athygli á því að í samanburðartölum vegna ársins 2018 eru samþykktir viðaukar ársins komnir inn í heildartölu hvernar deildar fyrir sig.

Fjárhagsáætlun ársins 2019 var unnin af öllum bæjarfulltrúum sameiginlega og var samstarfið allt hið ánægjulegasta. Fyrir það ber að þakka. Ennfremur er skrifstofustjóra og öðrum starfsmönnum þakkað framúrskarandi gott samstarf við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018.

## **Almennt:**

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2019 er unnin með það að markmiði að íbúum Hveragerðisbæjar verði tryggð besta mögulega þjónusta og að reynt verði eftir fremsta megni að halda álögum í sem bestu samræmi við það sem gerist í samanburðarsveitarfélögum.

## **Markmið:**

Markmið bæjarstjórnar við gerð áætlunarinnar er að skilyrði sveitarstjórnarlaga verði uppfyllt en í því felst m.a. að:

1. Samanlögð rekstrarniðurstaða samstæðu A/B hluta skal vera jákvæð á hverju þriggja ára tímabili.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar séu ekki hærrí en sem nemur 150% af tekjum.

## **Forsendur:**

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 er tekið mið af útkomuspá ársins 2018. Íbúafjölgun í Hveragerði er stöðug og eru íbúar nú 2.627. Hefur íbúum fjölgað um 74 eða um 2,8% á árinu. Er það svo til uppá einstakling sama fjölgun á milli ára og síðast var raunin en þá fjölgaði um 75 manns, nam sú fjölgun um 3%. Enn er mikil eftirspurn eftir húsnæði í bæjarfélaginu en sárafáum lóðum hefur verið unnt að úthluta á árinu 2018. Þrátt fyrir það er ljóst að framboð húsnæðis mun stórukast strax á næsta ári en framkvæmdir eru hafnar eða við það að hefjast á 156 íbúðum í bæjarfélaginu. Á árinu 2019 munu þær íbúðir byrja að koma inná markaðinn þannig að ljóst er að fjölgun íbúa í bæjarfélaginu verður veruleg á næstu misserum.

Árið 2019 er gert ráð fyrir að langþráðar framkvæmdir hefjist í Kambalandi og að þar verði þá strax á næsta ári hægt að úthluta lóðum. Ljóst er því að ef ytri aðstæður breytast ekki stórkostlega til hins verra þá mun íbúum í Hveragerðisbæ fjölga verulega á næstu misserum.

Fasteignaverð hefur hækkað mjög skarpt í Hveragerði að undanfögnu með þeirri beinu afleiðingu að fasteignamat í bæjarfélaginu hefur hækkað mjög mikið. Vegna þessa hefur bæjarstjórn tekið ákvörðun um að lækka álagningarprósentur fasteignagjalda á íbúðar- og atvinnuhúsnæði (A og C flokk). Með þeim lækkunum er komið til móts við þær miklu hækkunir á gjöldum sem annars hefðu orðið að veruleika. Gert er ráð fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs lækki frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2018 og byggir áætlun ársins 2019 á rauntölum ársins 2018 og spám Jöfnunarsjóðs.

Álagningarprósentur verða með eftirfarandi hætti:

- \* Útsvarsprósenta verður óbreytt eða 14,52% sem er hámark þess útsvars sem innheimta má.
- \* Álagningarprósenta fasteignaskatts á húsnæði í A-flokki lækkar úr 0,40% í 0,36% og lóðarleiga úr 0,9% í 0,75%.
- \* Álagningarprósenta fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði í C flokki lækkar úr 1,60% í 1,5% og lóðarleiga úr 1,7% í 1,5%.
- \* Álagningarprósenta á vatnsgjald á húsnæði í A-flokki lækkar úr 0,08% í 0,06%.
- \* Aukavatnsgjald lækkar úr 12,5 kr. á rúmmetra í 13 krónur.
- \* Álagningarprósenta holræsagjalds lækkar úr 0,255% í 0,21% á alla flokka húsnæðis.
- \* Sorphirðugjöld lækka og verða 15.000.- Gjöld vegna sorpurðunar hækka og verða 21.000,-.

Því miður reynist nauðsynlegt að hækka verulega álögur á íbúa vegna sorpurðunar. Sorp hefur aukist mikið síðustu misserin og hefur kostnaður vegna sorpurðunar margfaldast. Í ljósi óvissu um framhald mála varðandi sorpurðun og þeirri aukningu sem orðið hefur á sorpi er þessi hækkun nauðsynleg. Einnig mun verða gjörbreyting á fyrirkomulagi innheimtu á gámasvæðinu því þar hefur kostnaður við urðun og magn sorps margfaldast og innheimtar tekjur standa engan veginn undir kostnaði við urðun.

Bæjarstjórn hefur undanfarin ár miðað hækkun gjaldskráa við verðlagspróun síðastliðins árs en ekki við verðbólguþá komandi árs. Með þessu móti telur bæjarstjórn sig vinna með rauntölur sem hlýtur að

vera eðlilegra en að hækka gjaldskrár á undan verðbólgunni en slíkt eykur verðbólguþrýsting. Gjaldskrár hækka því miðað við verðlagsþróun 2018 eða um 2,74% að jafnaði.

Í öllum tilfellum er hagar bæjarbúa hafður að leiðarljósi og hækkunum stillt í hóf eins og mögulegt er.

### **Almennt um rekstur.**

Hvað varðar rekstur er sú breyting stærst að á árinu 2018 opnuðu allar deildir nýja leikskólans Undralands. Þó er ljóst að með fjölgun starfsmanna má enn bæta við þó nokkuð mörgum börnum og gert er ráð fyrir að skref verði stigin í þá átt á árinu. Þá er einnig gert ráð fyrir að hádegisverður verði eldaður fyrir báða leikskólana í nýja eldhúsinu og verður maturinn keyrður til Óskalands. Gert er ráð fyrir að rekstur mötuneytis verði bókfærður á sérstaka deild og seldur út á báða leikskólana eftir fjölda barna og starfsmanna.

Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þann góða vilja og jákvæðni sem starfsmenn hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Ætlast er til að forstöðumenn sýni eins og ávallt yfstrustu hagkvæmni bæði í innkaupum og í starfsmannahaldi.

### **Viðhald og fjárfestingar:**

Stærsta einstaka fjárfesting ársins 2019 er viðbygging við Grunnskólann í Hveragerði. Þar er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist næsta sumar og þeim ljúki fyrir upphaf skólastarfs haustið 2020. Um er að ræða viðbyggingu til norðurs þar sem gert er ráð fyrir sex kennslustofum á tveimur hæðum, nýju anddyri, fjölnotarýmum og opnum sérkennslurýmum.

Á árinu 2018 keypti Hveragerðisbær stórt landsvæði vestast í byggðinni, Kambaland. Þar lá fyrir deiliskipulag að fjölmennu hverfi og framkvæmdir voru hafnar við gatnagerð. Á árinu er gert ráð fyrir að uppbygging þar hefjist, gatnagerð fari af stað í fyrsta áfanga og að lóðum verði úthlutað þar á árinu. Væntanlega verður hægt að úthluta 56 íbúðum í fjölbýlishúsum, raðhúsum og einbýlishúsum. Fjármunir eru settir til greiðslu á kvöð sem hvíldi á landinu en samningar hafa tekist um lok þess máls.

Gert er ráð fyrir framhaldi á endurbótum sundlaugarhússins í Laugaskarði og fjármunir settir til að klára annan búningasklefann. Verður

ráðist í þær framkvæmdir undir lok árs þannig að endurnýjun hins klefans geti farið fram í beinu framhaldi árið 2020 en gert er ráð fyrir þeim kostnaði í þriggja ára áætlun.

Frágangur á hluta bílastæðis við Hamarshöll verður boðinn út á árinu. Þar verður jafnframt reist lítið hús yfir vélbúnað Hamarshallarinnar. Þá er einnig gert ráð fyrir lagfæringum á eldri götum, gangstígum og gangstéttum, merkingum og öðru slíku.

Gert er ráð fyrir kaupum á félagslegu húsnæði.

Í lok árs 2018 er unnið að endurbótum á ytra byrði Mjólkurbúsins til vonar og vara eru settir fjármunir til endurnýjun þess húss árið 2019 ef veðurguðirnir skyldu snúast gegn okkur í lok árs og gera að verkum að framkvæmdin myndi dragast.

Þó nokkrir fjármunir eru síðan settir til viðhalds mannvirkja í eigu bæjarfélagsins.

Framkvæmdir verða við fráveitumannvirki en þar er gert ráð fyrir að fjárfesta í búnaði vegna kölkunar á seyru og til að bæta loftgæði í og við stöðina.

Aðrar fjárfestingar Hveragerðisbæjar á árinu 2019 eru smærri.

### **Rekstrartölur:**

Við framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umræðu er gert ráð fyrir að áætlaðar heildartekjur Hveragerðisbæjar (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nemi alls kr. 2.968 m.kr. fyrir árið 2019. Þar af eru skatttekjur ráðgerðar kr. 1.688 milljónir. Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 556 m.kr. og aðrar tekjur bæjarsamstæðu um 724 m.kr.

Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 2.764 m.kr.. Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er því jákvæð um 204 milljónir sem er 6,9% af tekjum.

EBITDA Hveragerðisbæjar er 335 m.kr.. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 153 m.kr. og er rekstrarniðurstaða samstæðu því jákvæð um 51, m.kr.

Við útreikning lánasafns er gert ráð fyrir 3% verðbólgu á árinu 2019.

Samanlögð rekstrarniðurstaða árána 2018, 2018 og 2019 verður því jákvæð um 163 m.kr. sem er í fullu samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

### **Skuldir og skuldbindingar:**

Afborganir langtímalána verða rúmlega 184 m.kr. og tekin ný lán munu nema 225 m.kr.

á árinu 2019. Í lok árs 2019 verða langtímaskuldir samstæðu 3.396 m.kr.. Þar af er lífeyrisskuldbinding sveitarsjóðs 643 m.kr. og skuldbindingar vegna leigugreiðslna 277 m.kr.

Skuldir og skuldbindingar Hveragerðisbæjar í lok ársins 2019 munu verða 119% af árstekjum. Skv. fjármálareglum sveitarfélaga er heimilt að draga frá skuldum skuldbindingu vegna lífeyris sem fellur til eftir 15 ár og síðar. Sé það gert myndi skuldahlutfallið batna enn frekar og verða 110%. Er skuldastaða sveitarfélagsins því vel undir skulðþakinu sem lögfest hefur verið í sveitarstjórnarlögum.

### **Samstarf og samvinna**

Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þann einlæga vilja og jákvæðni sem starfsmenn hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Ætlast er til að forstöðumenn sýni áfram ýrústu hagræðingu bæði í innkaupum og í starfsmannahaldi.

### **Fyrirvari**

Greinargerðin er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

## Málaflokkar

### 00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að heildarskatttekjur muni þróast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
1.994.249	2.134.497	2.288.989

Íbúum í Hveragerði hefur fjölgað stöðugt á undanförunum árum og er það afar ánægjuleg þróun. Með aukinni ásökn í byggingalóðir skapast ríkari möguleikar fyrir fjölbreytta búsetukosti sem aftur ætti að hafa jákvæð áhrif á íbúáþróun.

Hækkun skatttekna frá fjárhagsáætlun 2018 verður því um 8,2%, sem er minni hækkun heldur en búist var við en til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var gert ráð fyrir 13% hækkun á sama. Munar þarna mestu um vænta lækkun á tekjujöfnunarframlagi Jöfnunarsjóðs en þar lækkaði umtalsvert á árinu 2018.

Íbúafj. 1.12.2017	Íbúafj. 1.12.2018	Væntur íbúafj. 2019
2.566	2.627	2.677

### 00010 Útsvar

Útsvarstekjur hafa þróast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
1.210.826	1.282.006	1.414.286

Í áætlun bæjarsjóðs er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna í samræmi við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga og í ljósi væntrar niðurstöðu ársins 2018.

Álagningarprósenta útsvars verður fullnýtt eða 14,52%.

### 00060 Fasteignaskattur

Fasteignaskattur hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
209.403.000	226.123.000	256.836.000

Ekki er hér tekið tillit til áætlaðra lækkana vegna ellilífeyrisþega og öryrkja samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar en þess í stað eru þær lækkunar færðar á liðinn 02-47 - Niðurgreidd þjónusta.

Álagningarprósentur fasteignaskatts verða með eftirfarandi hætti árið 2019:

Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki	0,360%
Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki	1,320%
Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki	1,500%

Álagning á íbúðarhúsnæði má að hámarki vera 0,500% og 1,320% á aðrar fasteignir. Heimilt er að hækka álagningarhlutfallið í 0,625% á íbúðarhúsnæði og 1,650% á aðrar fasteignir og því fer fjarri að Hveragerðisbær fullnýti þá möguleika sem eru á álagningu fasteignaskatts.

### **00080 Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga**

Í heildarframlagi ársins 2019 er gert ráð fyrir eftirfarandi framlögum:

Tekjujöfnunarframlag	45.000.000
Útgjaldajöfnunarframlag	267.512.000
Vegna reksturs grunnskóla	65.131.000
Vegna málefna fatlaðs fólks	102.190.000
Vegna lækkunar fasteignagjalda	58.543.000
Vegna nýbúa	4.420.000
Vegna fatlaðra nemenda	10.611.000
Vegna tónlistarskóla	2.868.000

Eins og áður ríkir mikil óvissa um endanleg framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna en það fjármagn sem sjóðurinn hefur til úthlutunar endurspeglar tekjur ríkissjóðs sem erfitt hefur verið áætla þessi misserin.

Heildarframlög Jöfnunarsjóðs hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
518.288.000	568.373.000	556.275.000

### 00350 Lóðarleiga

Lóðarleiga hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
55.731.000	57.995.000	61.592.000

Álagningarprósenta lóðarleigu á íbúðarhúsnæði lækkar frá fyrra ári en er óbreytt á húsnæði í B og C flokki og verða með eftirfarandi hætti árið 2019:

Lóðarleiga á húsnæði í A-flokki	0,75%
Lóðarleiga á húsnæði í B-flokki	1,60%
Lóðarleiga á húsnæði í C-flokki	1,50%

### 02 Félagsþjónusta

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
213.751.000	273.597.000	297.068.000

Verkefni félagsþjónustu Hveragerðisbæjar eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónusta, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við málaflokka eins og félagslega ráðgjöf, fjárhagsráðgjöf, félagslega heimþjónustu, málefni barna og unglinga, þjónustu við aldraða og fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og víumgjafavarnir.



Árið 2011 tók gildi samningur um sameiginlega Velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnessyslu utan Árborgar, Velferðarþjónusta Árnesþings. Árið 2014 var samkomulag sveitarfélaganna útvíkkað og tekur það nú einnig til sérfræðipjónustu skóla.

Heitir samstarfið nú Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Forstöðumaður er María Kristjánsdóttir og sinnir hún yfirstjórn málaflokksins á svæðinu. Auk hennar starfar hjá Velferðarþjónustunni sérfræðingur í málefnum fatlaðra. Félagsráðgjafi starfar hjá Hveragerðisbæ í 100% stöðu sem sinnir nærþjónustu við bæjarbúa. Hveragerðisbær sér um fjármálalega umsýslu og bókhald fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna. Kostnaður skiptist hlutfallslega á milli aðildarsveitarfélaga, velferðarhlutinn bókast á 02 en skólaþjónustan á 04.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd er sameiginleg á svæðinu og fundar hún reglulega.

Á þennan málaflökk færast kostnaður vegna reksturs Heimilisins við Birkimörk sem nú er á forræði Hveragerðisbæjar.

#### **02020 Félagsmálastjóri**

Á þennan lið er bókaður kostnaður vegna Velferðarþjónustu Árnesþings ásamt kostnaði við félagsráðgjafa Hveragerðisbæjar.

#### **02110 Fjárhagsaðstoð**

Miðað er við reglur um fjárhagsaðstoð sem samþykktar voru á fundi Velferðarnefndar Árnesþings á haustmánuðum 2018.

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2018
11.482.000	14.665.000	17.500.000

#### **02180 Niðurgreidd daggjöld leiksskóla**

Veittur er afsláttur vegna systkina, námsmanna og einstæðra foreldra á daggjöldum leiksskóla og er hann færður til kostnaðar á félagsþjónustu.

#### **02190 Húsaleigubætur**

Á árinu 2016 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um endurskoðaða verka- og kostnaðarskiptingu milli aðila vegna breytinga á

fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur. Samkvæmt samkomulaginu tekur ríkið alfarið yfir almennar húsaleigubætur og hefur Vinnumálastofnun verið falin framkvæmd við úthlutun þeirra. Sveitarfélögum samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 er skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning. Er afgreiðsla þeirra með hliðsjón af leiðbeinandi reglum um framkvæmd stuðningsins og viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra setur. Sveitarfélögum ber einnig að sjá um sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila barna yngri en 18 ára sem hafa tímabundið aðsetur á heimavist eða námsgörðum.

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2018
5.449.000	6.500.000	6.695.000

### 023 Þjónusta við börn og unglinga.

Undir þennan lið bókast kostnaður vegna barnaverndarmála og vistunar barna utan heimilis.

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
16.615.000	21.995.000	26.258.000

### 024 Þjónusta við aldraða.

Árið 2019 er heimilað að 5,2 stöðugildi starfi í heimilishjálpi fyrir aldraða en á árinu 2018 var heimildin 4,2 stöðugildi. Í upphafi árs 2019 er áætlað að ráða til starfa iðjuþjálfra sem sinni þjónustu við aldraða í bæjarfélaginu og verði jafnframt yfirmaður heimaþjónustu.

Árið 2017 hófst kvöld- og helgarþjónusta á vegum heimaþjónustu en brýn þörf var og er á þeirri þjónustu í bæjarfélaginu. Fagmenntaður verktaki var ráðinn til að sinna þessari þjónustu.

Hveragerðisbær og Félag eldri borgara í Hveragerði gerðu með sér samkomulag um aðkomu Hveragerðisbæjar að eflingu félagsstarfs aldraðra. Sérstakur þjónustusamningur er í gildi um samstarf bæjarins og Félags eldri borgara.

Á árinu 2006 var opnuð dagvistun aldraða að Lækjarbrún 9 en áður var í gildi samningur við Dvalarheimilið Ás um dagvistunina. Árið 2007 fékkst

samþykki ríkisins fyrir greiðslu 5 dagvistarplássu. Árið 2009 var ákvörðun tekin um yfirtöku Dvalarheimilisins Áss á rekstri Dagvistunar skv. sérstökum samningi þar um. Um leið keypti Dvalarheimilið Ás gömlu bæjarskrifstofuna og rekur þar dagdvölinu ásamt hjúkrunar- og hvíldarrýmum. Ríkið greiðir framlag vegna dvalar 5 einstaklinga í dagdvöl. Tekjutenging fasteignaskatts ellilífeyrisþega var tekin upp á árinu 2003 en árið 2004 bættist einnig við tekjutenging holræsagjalds hvað þessa hópa varðar. Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignagjöldum færist á þennan lið. Gert er ráð fyrir að sú upphæð geti numið allt að 14 m.kr.. Einnig færist á þennan lið kostnaður vegna leigubílaþjónustu aldraðra kr. 1,7 m.kr..

Sækja þarf sérstaklega um sláttuþjónustu til félagsmálastjóra sem metur hvort viðkomandi þurfi á slíkri þjónustu að halda. Sé heimild veitt þarf viðkomandi einstaklingur að framvísa kvittun fyrir slættinum á bæjarskrifstofu til að fá hann greiddan. Greitt hefur verið fyrir fjóra slætti á hverju heimili. Á árinu 2019 verður fyrirkomulag sláttuþjónustu endurskoðað miðað við aðstæður sem þá verða uppi.

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir samningsbundnu framlagi til Félags eldri borgara kr. 4,3 m.kr..

Heildarframlög til málefna aldraðra eru samkvæmt eftirfarandi töflu.

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
48.765.000	53.703.000	64.929.000

## 025 Þjónusta við fatlað fólk.

Á árinu 2007 var opnað heimili fyrir fatlað fólk í Hveragerði að Birkimörk 21-27 en Hveragerðisbær sér um ferðaþjónustu fatlaðra í sveitarfélaginu. Bifreið var fyrst keypt árið 2007 og bílstjóri ráðinn til að sinna ferðaþjónustu vegna sambýlisins. Einnig sinnir bílstjórinn akstri til og frá dagdvöl. Bifreiðin var endurnýjuð árið 2016.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við félagslega liðveislu fyrir fatlaða nemi um það bil einu stöðugildi en vinnan er yfirleitt unnin utan hefðbundins vinnutíma.

Þann 1. janúar 2011 fluttust málefni fatlaðs fólks til sveitarfélaganna á grundvelli samnings sem undirritaður var milli ríkis og sveitarfélaga þann 23.nóvember 2010. Sveitarfélög á Suðurlandi að Höfn og

Vestmannaeyjum undanskyldum hafa myndað sameiginlegt þjónustusvæði og hefur Árborg tekið að sér umsýslu á mörgum þeim málum sem áður var sinnt af Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Sérstakt þjónusturáð hefur verið skipað og sér það um daglega umsjón með málefnum fatlaðra á svæðinu. Formaður þjónusturáðs er María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Hveragerðisbær tók við rekstri heimilisins að Birkimörk þann 1. janúar 2011 en þar búa 5 einstaklingar sem þurfa sérhæfða þjónustu allan sólarhringinn. Á árinu 2012 keypti Hveragerðisbær húsnæði Heimilisins.

Árið 2018 er heimilað að í Birkimörk verði 9,66 stöðugildi.

Í 24. gr. og 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að sveitarfélög skuli eftir föngum gefa fötluðum kost á félagslegri liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. með aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Ný lög hafa verið samþykkt á Alþingi um málaflokkinn og ljóst að kostnaður vegna þess mun aukast.

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
106.955.000	149.519.000	156.130.000

#### 04 Fræðslumál.

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
943.663.000	1.028.411.000	1.119.086.000

#### 04010 Fræðslunefnd

Fræðslunefnd hefur heimild fyrir 6 fundum á árinu í fjárhagsáætlun.

#### 04020 Skólalþjónusta Árnesþings - Hveragerði

Skólaskrifstofa Suðurlands bs. hætti starfsemi þann 31. desember 2013. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings hefur tekið yfir þau verkefni sem Skólaskrifstofa Suðurlands annaðist. Það er: sálfræðiþjónusta,

kennslufræðileg ráðgjöf (leik- og grunnskóla) og endurmenntun kennara og skólastjórna. Ráðnir hafa verið verið 4 starfsmenn til að sinna þessari þjónustu auk forstöðumanns. Talmeinafræðingur starfar hjá Hveragerðisbæ og hefur hann starfsaðstöðu hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Á árinu 2017 flutti Skóla- og velferðarþjónustan í ný innréttað húsnæði að Fljótsmörk 2 í Hveragerði og lauk þar með píslargöngu starfsmanna þjónustunnar hvað húsnæðismál varðar.

#### **04100            Dagvistir barna**

Í Hveragerði eru reknir tveir leikskólar, Undraland og Óskaland. Starfsemi skólanna er með hefðbundnum hætti og er unnið eftir uppeldisáætlun Menntamálaráðuneytisins. Unnið er eftir því markmiði að öllum börnum 12 mánaða og eldri bjóðist leikskólavöl og hefjist hún að jafnaði á haustin.

Opnunartími beggja leikskóla er frá kl. 7:45-17:00. Foreldrar geta keypt 15 mínútna vistun fyrir og eftir umsaminn vistunartíma. Óski foreldrar/forráðamenn að lágmarki fimm barna eftir opnun frá kl. 7:30 verður orðið við þeirri beiðni. Hækkun matar- og leikskólagjalda er haldið í lágmarki en þau hækka um sem nemur áætlaðri vísitöluhækkun síðastliðins árs, eða 2,74%.

Elsti árgangur leikskólans fær 4 stundir gjaldfrjálsar á dag og systkinaafsláttur gildir þvert á skólastig eða á milli dagmæðra, leikskóla og skólasels þar sem annað systkini fær 30% afslátt og gjaldfrjálst er fyrir önnur systkini eldri.

Fyrir auka korterin er greitt sérstaklega og mun eitt slíkt á dag kosta kr. 1.900,- pr. mánuð og klukkustundin milli 16 og 17 kr. 7.600,- pr. mánuð þar sem sú vistun fer fram utan hefðbundins dagvinnutíma. Reglur eru í gildi varðandi innritun og gjöld á leikskólum bæjarins og þar eru afsláttarkjör einnig tilgreind.

Sumarfrí leikskólanna verður samfelt í 23 daga og á sama tíma hjá báðum árið 2019.

Gjald fyrir dagvistun frá 1.1. 2019 er sem hér segir;

4 klst. + hressing	15.100
5 klst. + hressing + hádegi	23.900
6 klst. + hressing + hádegi	27.200
8 klst. + hressing x 2 + hádegi	35.700
9 klst. + hressing x 2 + hádegi	43.300

#### **04100 Mötuneyti leikskólanna**

Í upphafi árs 2019 mun allur heitur matur leikskólanna verða eldaður í eldhúsi leikskólans Undralands.

Kostnaður vegna mötuneytis er færður sérstaklega á deild 04-10. Skiptist sá kostnaður milli leikskólanna í hlutföllum miðað við fjölda barna og starfsmanna. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna þess aksturs sem mun falla til við matarflutninga á milli staða.

#### **04110 Leikskólinn Undraland**

Á haustmánuðum 2017 tók leikskólinn Undraland til starfa í nýju húsnæði að Þelamörk 62. Húsið sem er 1.100 m<sup>2</sup> að stærð rúmar sex deildir og gert er ráð fyrir að börnum sem náð hafa 12 mánaða aldri að hausti bjóðist þar með vistun á leikskólum Hveragerðisbæjar. Strax voru opnaðar fjórar deildir, fimmta deildin bættist fljótlega við og á haustmánuðum 2018 opnaði sjötta deildin. Á hverri deild eru möguleikar til fjölgunar barna með fjölgun starfsmanna.

Rekstrarkostnaður Undralands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
126.651.000	209.684000	225.527.000

- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 12,8 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Undralandi á árinu 2019.
- 1110 Heimiluð stöðugildi eru 30,76. Gert ráð fyrir að þar af verði 10 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 8,73 stöðugildum.

#### **04120 Leikskólinn Óskaland**

Á miðju ári 2004 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir leikskólann Óskaland. Stækkaði hann þá úr einnar deildar leikskóla í tveggja deilda. Á árinu 2007 var byggingin fullkláruð með tilkomu tveggja nýrra deilda við skólann.

Rekstrarkostnaður Óskalands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2018
182.800.000	179.299.000	195.915.000

- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 8,9 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Undralandi á árinu 2019
- 1110 Launakostnaður. Heimiluð stöðugildi eru 25,4. Gert er ráð fyrir að þar af séu 15 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 12,35 stöðugildum.

#### **04170 Dagforeldrar**

Í ársbyrjun 2006 voru teknar upp niðurgreiðslur daggjalda barna sem vistuð eru hjá dagmæðrum. Gert er ráð fyrir svo til óbreyttum framlögum til þessa liðar.

Á árinu 2018 var það samþykkt að foreldrar barna sem orðin eru 12 mánaða og velja að vera í vistun hjá dagforeldrum munu greiða sama gjald og á leikskóla frá 1. þess mánaðar sem næstur er á eftir eins árs afmælisdegi barnsins. Með þessu móti geta foreldrar valið um vistun hjá dagforeldrum eða leikskólavistun án tillits til kostnaðar. Jafnframt hefur verið gert samkomulag við starfandi dagforeldri um að Hveragerðisbær tryggir ávallt greiðslur fyrir börn sem heimild er fyrir. Með því móti var tryggt að dagforeldri yrði starfandi í bæjarfélaginu. Einnig var samþykkt að dagforeldrar fái ákveðna krónutölu greidda á ári í leikfanga- og tækjakaup.

#### **04230 Námsvistargjöld**

Á þennan lið færast kostnaður Hveragerðisbæjar vegna greiðslna sem bærinn þarf að inna af hendi vegna barna með lögheimili í Hveragerði sem stunda nám í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

## 04240 Grunnskólinn í Hveragerði

Grunnskólinn var einsettur haustið 2002. Útgjöld til hans hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
541.420.000	570.949.000	589.403.000

- 0540 Sala matarmiða í mötuneyti. Gert er ráð fyrir 2,5% hækkun á matarmiðum til að mæta verðlagshækkunum undanfarins árs. Hver máltíð mun því kosta kr. 410,-. Hækkunin mun koma til framkvæmda þann 1. janúar 2019. Bæjarstjórn hefur samþykkt að endurskoða fyrirkomulag gjaldtöku og gjaldskrá mötuneytis frá og með næsta hausti.
- 
- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss, en alls stunda nú 32 börn úr Ölfusi nám í grunnskólanum.
- 1110 Árið 2018 eru heimiluð stöðugildi við grunnskólann 63,65. Stöðugildi fyrir utan kennara og skólastjórnmendur eru 23,23 sem greinist þannig; stuðningsfulltrúar og skólaliðar 17,53, ritari 1, þroskaþjálfari 1 húsvörður 1,0 matráðskona 2,0 og bókasafnsvörður 0,7. Er þetta aukning um 3,5 stöðugildi frá fyrra ári.  
Aðalstörf skólaliða er gæsla í frímínútum, vinna í tengslum við mötuneyti og ræstingar.  
Aðalstörf stuðningsfulltrúa aðstoð við einstaka nemendur í skólastarfinu og gæsla í frímínútum.  
Árið 2018 eru heimiluð stöðugildi kennara að meðtöldum stöðugildum skólastjóra og deildarstjórum 40,42 sem er fækkun um 0,5 stöðugildi frá fyrra ári.

Gjaldfærð afnot af íþróttahúsi og sundlaug taka mið af raunkostnaði við rekstur umræddra mannvirkja.

## 04310 Frístundaskóli

Frístundaskóli var settur á laggirnar í upphafi skólaársins 2000-2001. Frístundaskólinn er rekinn á ábyrgð grunnskólans í húsnæði sem áður hýsti leikskólann Undraland. Forstöðumaður hefur verið ráðinn í fullt starf sem sér hún um starfsemi frístundaskólans og félagsmiðstöðvar fyrir unglinga. Fyrir dvöl í frístundaskólanum er greitt að lágmarki fyrir 20 tíma á mánuði. Klukkustund í frístundaskóla kostar 240,- . (4.800 að lágmarki)



Í Frístundaskóla er boðið uppá hressingu og er greitt fyrir hana sérstaklega kr. 150,-.

Breytingar á gjaldskrá taka gildi þann 1. janúar 2019. Bæjarstjórn hefur samþykkt að endurskoða fyrirkomulag gjaldtöku og gjaldskrá frístundaskóla frá og með næsta hausti.

Systkinaafsláttur gildir á milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla. Gert er ráð fyrir kostnaði 5,66 m.kr. sem fellur til vegna aksturs nemenda úr Frístundaskóla í Hamarshöll en börnin eru keyrð fram og til baka á æfingar með langferðabifreið.

Alls eru heimiluð 5,25 stöðugildi í frístundaskóla árið 2019. Gert er ráð fyrir að 99 börn sæki frístundaskóla.

#### **04510 Tónlistarskóli**

Hveragerðisbær er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga og verður kostnaðarhlutdeild í samræmi við fjárhagsáætlun skólans. Gerður hefur verið samningur við Tónsmiðju Suðurlands um starfsemi skólans í Hveragerði. Á árinu 2011 tók gildi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku ríkisins á kennslukostnaði vegna nemenda á mið og efsta stigi söngnáms og efsta stigi almenns tónlistarnáms.

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
32.474.000	34.408.000	39.137.000

#### **05 MENNINGARMÁL**

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
63.023.000	72.258.000	76.857.000

#### **05210 Bókasafnið í Hveragerði**

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
36.415.000	37.784.000	40.481.000

Forstöðumaður er í 1 stöðugildi og bókaverðir í 1,8 stöðugildi við safnið. Gert er ráð fyrir að rekstur safnsins verði áfram með svipuðu sniði, fjármagn til bókakaupa verður 2,557 m.kr.. Á liðinn annar rekstrarkostnaður er settur kr. 450 þús. sem getur nýst til menningaraukandi starfsemi að vali forstöðumanns. Á liðnum „Viðhald áhalda“ er gert ráð fyrir 831 þúsund, þar er gert ráð fyrir endurnýjun ljósritunarvélar og tölvubúnaðar. Til viðhalds innanstokksmuna eru settar 650 þús. og gert ráð fyrir kaupum á sófa í krakkahorn og einni krybbu og fleira.

### **05310 Héraðsskjalasafn Árnessýslu**

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

### **05330 Byggða- og listasafn**

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

### **05790 Hátíðahöld**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna hátíðarhalda t.d. Blómstrandi daga, 17. júní og fleiri.

Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem hápunktur sumarstarfs bæjarbúa og verður haldin aðra helgi eftir Verslunarmannahelgi eða 17.- 19. ágúst 2018.

Framlög til einstakra hátíða verða með eftirfarandi hætti:

Blómstrandi dagar	4.000.000
17. júní	1.300.000
Sumardagurinn fyrsti	250.000,-
Annar rekstrarkostnaður	361.000,-

### **05810 Leikfélag**

Gerður hefur verið þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis sem m.a. tryggir félaginu fast fjárframlag auk niðurfellingar fasteignagjalda og framlags vegna verka sem innt verða af hendi.

### **05990 Ýmsir styrkir**

Samningur er í gildi milli Listasafns Árnesinga og Hveragerðisbæjar sem tryggir samstarf þessara aðila. Gert ráð fyrir 5,17 m.kr. framlagi til safnsins á árinu. Gert er ráð fyrir 5,5 m.kr. í menningartengd verkefni eða framkvæmdir á árinu 2019.

Hveragerðisbær er þátttakandi í ýmsum menningaraukandi verkefnum og gert er ráð fyrir 650 þúsund til þeirra.

## **06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL**

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
172.488.000	199.705.000	219.389.000

### **06010 Menningar, íþrótt- og frístundanefnd**

Gert er ráð fyrir að Menningar, íþrótt- og frístundanefnd fundi eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári.

Til sérstakra nota nefndarinnar eru settar 1.185 þúsund sem skiptast á eftirfarandi verkefni:

Sumarbæklingur	150.000
Íþróttamaður ársins	100.000
Afrekssjóður	300.000
Önnur verkefni	285.000

Ennfremur er gert ráð fyrir að ungmennaráð verði virkt í bæjarfélaginu og fundi fimm sinnum á árinu. Til starfsemi þess eru settar 350 þús. kr..

Greiðsla frístundastyrkja til allra barna og ungmenna yngri en 18 ára hófst á árinu 2016. Greiðslan mun nema kr. 22.000,- pr. barn árið 2019.

**06020 Menningar- og frístundafulltrúi**

Menningar, íþrótt og frístundafulltrúi er í 100% stöðu hjá Hveragerðisbæ. Menningar- og frístundafulltrúi er forstöðumaður sundlaugar og íþróttahúsa bæjarins.

**06200 Gæsluvöllur**

Gert er ráð fyrir að gæsluvöllur fyrir börn á leikskólaaldri verði rekinn sumarið 2019.

**06270 Sumarnámskeið barna og unglinga**

Á þennan lið færast kostnaður vegna sumarnámskeiða fyrir börn á aldrinum 6-10 ára sem tryggir þeim örugga afþreyingu frá kl. 8-17 alla virka daga.

**06310 Félagsmiðstöð**

Félagsmiðstöð grunnskólabarna flutti á árinu 2017 í húsnæðið sem áður hýsti leikskólann Undraland. Ráðinn hefur verið forstöðumaður sem stýrir starfsemi félagsmiðstöðvar og frístundaskólans. Heyrir forstöðumaður undir menningar- og frístundafulltrúa. Gert er ráð fyrir að opið verði þrjá seinniparta í viku fyrir miðstig og tvö kvöld vikunnar fyrir unglíngastigið.

**06510 Íþróttahús**

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi í íþróttahúsi. Stöðugildi eru 3,65.

- 0740 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans.
- 0770 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.

Til viðhalds áhalda eru settar 2 m.kr. og gert er ráð fyrir 515 þúsundum til viðhalds innanstokksmuna.

**06550 Sundlaug**

- 0570 Aðgangseyrir.

## Gjaldskrá Sundlaugarinnar í Laugaskarði árið 2019:

	Stakt skipti	10 miða kort	Árskort
<b>Fullorðnir</b>	920	4100	29.800
<b>Börn</b>	350	1300	

Stöðugildi eru 5,05 en ráðið er í fleiri stöðugildi á sumrin.

Frá og með 1. júlí 2006 hafa börn og ungmenni að 18 ára aldri sem búsett eru í Hveragerði fengið ókeypis aðgang að sundlauginni í Laugaskarði. Frá og með 1. desember 2006 hafa einnig þau börn og ungmenni sem búsett eru í Ölfusi en stunda nám við Grunnskólann í Hveragerði notið sömu réttinda.

- 0740 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans af sundlauginni.
- 0770 Reiknaðar tekjur frá Íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.
- Opnunartími sundlaugar á veturna er frá kl. 6:45 - kl. 20:30 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga er opið milli kl. 10 og 17:30. Lengri opnunartími er á sumrin en þá er opið mánudaga til föstudaga frá kl. 6:45 – 21:30 en um helgar 09:00 – 19:00. Sumartími gildir frá 15. maí til 15. september.

### 06560 Hamarshöll - Aðstöðuhús

Árið 2009 var nýtt aðstöðuhús við Grýluvöll tekið í notkun. Það hýsir tvo stóra búningaklefa auk dómarahebergis með baðaðstöðu, boltageymslu, skrifstofu og ýmiss annars nauðsynlegs rýmis.

Í nóvember 2012 var Hamarshöllin tekin í notkun, loftborið íþróttahús. Þar er gervigrasvöllur í hálfri stærð, íþróttagólf fyrir fjölbreytta notkun og púttvöllur og æfingaaðstaða fyrir golfara. Auk þess er í húsinu starfsmannaaðstaða og salernisaðstaða.

Opnunartími hússins er á milli 11 og 23 á virkum dögum og eftir samkomulagi um helgar. Starfsmannahald tekur mið af þessum opnunartíma en getur breyst með aukinni notkun.

Undir þennan lið fellur húsaleiga greidd Fasteignafélagi Hveragerðisbæjar v. Hamarshallar og annar rekstrarkostnaður vegna mannvirkjanna. Stöðugildi í Hamarshöll/aðstöðuhúsi eru 2.

Gert er ráð fyrir að tekjur vegna leigu til þriðja aðila verði 3,63 m.kr. en eftirspurn hefur verið eftir tímum í höllinni til ýmissa nota.

### **06610 Íþróttavellir**

Undir þennan lið fellur kostnaður við rekstur íþróttavalla annarsvegar á Vorsabæjarvöllum og hinsvegar undir Hamrinum, vestan Dynskóga.

- 0770 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not íþróttafélagsins Hamars.
- 4660 Gert er ráð fyrir kostnaði sem felst í nauðsynlegum endurbótum á búnaði og viðhaldi vallanna.
- 4980 Aðkeypt vinna. Golfklúbbur Hveragerðis sér um að slá völlinn á Vorsabæjarvöllum og völlinn undir Hamrinum skv. sérstökum samningi.

### **06810 Íþróttafélagið Hamar**

- 9240 Reiknuð afnot íþróttamannvirkja. Framlagið er reiknuð afnot Íþróttafélagsins Hamars af Hamarshöll, íþróttahúsi, sundlaug, íþróttavöllum og aðstöðuhúsi Hveragerðisbæjar.
- 9420 Framlag til íþróttastarfs. Samningur við Íþróttafélagið Hamar hefur ekki verið endurnýjaður þrátt fyrir að hafa runnið út um síðustu áramót. Á árinu 2019 eru settar 4 m.kr. vegna fyrirhugaðrar ráðningar framkvæmdastjóra til íþróttafélagsins í 50% stöðu. Beinn fjárstuðningur til Íþróttafélagsins Hamars mun nema 8 m.kr. .

### **06840 Hestamannafélagið Ljúfur**

Þjónustusamningur við Hestamannafélagið Ljúf er í gildi. Þar er gert ráð fyrir framlagi sem nýta á til umhverfisúrbóta á svæði hestamana. Gert ráð fyrir beinum fjárstuðningi kr. 1.465 þúsund í þeirri upphæð er gert ráð fyrir umræddu framlagi, greiðslum vegna námskeiða, hátíðarhalda, auk beina framlagsins sem áður er getið. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi til greiðslu fasteignagjalda. Vakin er athygli á því að bæjarstjórn hefur ákveðið að frá og með 1. janúar 2018 verði ekki lengur greitt fyrir mokstur á skít frá hesthúsahverfinu.

### **06840 Styrkir til Golfklúbbs Hveragerðis**

Þjónustusamningur við Golfklúbb Hveragerðis hefur verið endurnýjaður. Þar er gert ráð fyrir fjárstyrk til hans kr. 8.380 m.kr., Þeirri greiðslu er ætlað að mæta kostnaði vegna námskeiða fyrir börn og unglinga kr. 490 þúsund, vegna sumarstarfsmanns kr. 720 þúsund. Beinn rekstrarstyrkur verður 4,2 m.kr. en fyrirhugaðar eru úrbætur á húsnæði og annarri aðstöðu golfara. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi frá áhaldahúsi.

## 07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
36.296.000	42.916.000	43.952.000

Á vormánuðum 2011 samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar að gerast aðilar að Brunavörnum Árnessýslu. Engin breyting hefur orðið á þjónustu við bæjarbúa og mælist þessi sameining almennt vel fyrir. Vegna þessa sér Hveragerðisbær ekki lengur um rekstur slökkviliðs eða slökkvistöðvar heldur greiðir árlegt framlag til Brunavarna í samræmi við ákvarðanir Héraðsnefndar. Framlag sveitarfélaga til Brunavarna Árnessýslu skiptist samkvæmt íbúafjölda og að hluta skv. brunabótamati fasteigna í sveitarfélaginu.

### 07210 Brunavarnir

Framlag til Brunavarna er fært á þennan lið. Hvergerðingar eru stoltir af því að vera aðilar að Brunavörnum Árnessýslu sem án vafa eru eitt albesta slökkvilið á landinu.

### 07410 Almannaþingarnefnd

Sveitarfélög í Árnessýslu standa saman að rekstri Almannaþingarnefndar Árnessýslu. Nefndin tekur þátt í kostnaði við starfsmann á sviði Almannaþingarna með aðsetur hjá lögreglustjóra Suðurlands.

### 07430 Öryggismyndavélar

Öryggismyndavélar eru við innkeyrslurnar í Hveragerði og eru þær tengdar við lögreglustöðina á Selfossi sem hefur yfirumsjón með vöktun og að vélbúnaður sé í lagi. Vélnar voru keyptar nýjar árið 2018 og það sama ár voru tengingar endurnýjaðar. Samningur er í gildi milli bæjarfélagsins, Neyðarlínunnar og embætti lögreglustjóra um öryggismyndavélnar. Settar eru 100 þúsund vegna tilfallandi kostnaðar.

### 07450 Rauði Kross - Hveragerðisdeild

Hveragerðisbær greiðir fasteignagjöld vegna húseignar félagsins við Austurmörk kr. 750.000,-

### 07830 Framlög til skáta

Nýir þjónustusamningar við bæði Hjálparveit Skáta og Skátafélagið Strók hafa verið samþykktir. Í þeim er HSSH tryggt framlag uppá 2.63 m.kr.. en í því felst ýmis vinna sem sveitin ynnir af hendi fyrir bæjarfélagið skv. samningi þar um. Árið 2019 er gert ráð fyrir vöktun á Reykjadal á vegum HSSH og mun sú vinna verða greidd af aðilum er skipa starfshóp um uppbyggingu í dalnum. Hlutur Hveragerðisbæjar mun nema allt að 0,6 m.kr. Skipaður hefur verið starfshópur um friðlýsingu Reykjadals og unnið er að henni. Mögulega mun því fjárframlag til vöktunar falla niður á árinu 2019.

Skátafélagið Strókur fær framlag sem nemur 2.695 m.kr.. Skiptist framlagið í beinan fjárstuðning, námskeiðshald fyrir börn og unglinga og greiðslur fyrir vinnuframlag. Hveragerðisbær greiðir fasteignagjöld fyrir bæði félögin.

### 08 HREINLÆTISMÁL

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2018
4.648.000	3.833.000	8.180.000

Við lokun urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu þann 1. desember 2009 jókst kostnaður við urðun þar sem öllu sorpi sem fer til urðunar er nú ekið að urðunarstað í Álfsnesi en þar eru urðunargjöld ríflega 300% hærrí en var á Kirkjuferju. Því er mikilvægt að leitað verði allra leiða til að minnka það sorp sem fer til urðunar. Í ljósi þessa var tekin sú ákvörðun árið 2009 að auka flokkun til mikilla muna og innleiða í bæjarfélaginu þriggja tunnur kerfi en þar er endurvinnanlegt sorp flokkað sérstaklega og lífrænt sorp einnig en það er síðan jarðgert í sérstakri jarðgerðarstöð sem staðsett er á svæði Gámapjónustunnar í Hafnarfirði.

Flokkun hófst í desember 2009 og hefur gengið vonum framar. Árið 2018 mun sorphirðugjald verða 17.700,- pr íbúð, sorphirðunargjald verður 15.100,- pr. íbúð. Í árslok 2014 fór fram útboð á sorphirðu bæjarins, lægstbjóðandi var Gámapjónustan sem tók við sorphirðu í bæjarfélaginu 1. mars 2014. Á árinu 2018 var gerð breyting þannig að allar tunnur bæjarbúa eru nú losaðar á þriggja vikna fresti. Á árinu 2018 hefur orðið mikil aukning á urðun sorps



frá bæjarbúum og því er ljóst að ráðast verður í átak með það að markmiði að minnka það sorp sem fer til urðunar. Mun umhverfisnefnd vinna að því markmiði á árinu.

#### **08050 Heilbrigðiseftirlit**

Embætti heilbrigðisfulltrúans á Suðurlandi sem staðsett er á Selfossi, hefur á hendi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar og sinnir eftirliti í því sambandi í Hveragerði.

- 9410 Hveragerðisbær greiðir til rekstur embættis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hlutfallslega í samræmi við íbúafjölda.

#### **08210 Sorphirða**

Tekjur vegna álagningar sorphirðugjalda, sbr. gjaldskrá nema 14.250 þús.kr. Kostnaður vegna sorphirðu í bæjarfélaginu nemur kr. 13.000 þús.kr.

#### **08220 Gámasvæði**

Hveragerðisbær starfrækir gámasvæði við áhaldahús bæjarins við Bláskóga. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs svæðisins. Kostnaður Hveragerðisbæjar vegna reksturs gámasvæðis er áætlaður kr.3.651 þús. kr.

Lagt er til að gjaldskrá gámasvæðis hækki verulega árið 2019 vegna gríðarlegrar aukningar á sorpi til urðunar. Miðum sem íbúar hafa fengið og veita gjaldfrjálsa þjónustu verður fækkað í 5 árið 2019.

Gámasvæðið er núna opið alla daga vikunnar, nema sunnudaga.

Virka dagar frá kl. 16:00 - 18:00

Laugardaga frá kl. 12:00 – 16:00

#### **08230 Sorpurðun**

Hveragerðisbær er aðili að Sorpstöð Suðurlands og mun urða sorp að Álfsnesi skv. samningi þar um. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna urðunar á heimilissorpi og almennu sorpi frá gámasvæðinu við Bláskóga. Á tekjuliðinn færast sorpurðunargjald sem innheimt er af heimilum. Tekjur vegna sorpurðunargjalds nema 19.929 þús. kr. Gjöld vegna urðunar verða 36 m.kr..

#### **08570 Dýraeftirlit**

Árgjald hundaleyfis verður kr. 18.000 á dýr og er innifalið í gjaldinu m.a. merki, árleg hreinsun og trygging. Skráningargjald verður kr. 19.200,- Afsláttur er gefinn 25% af árgjaldi hafi eigandi hunds sótt námskeið í

hundauppeldi. Örorku- og ellilífeyrisþegar fá sama afslátt. Á þennan útgjaldalið er einnig færður kostnaður vegna dýraeftirlits.

Í tekjuforsendum er gert ráð fyrir árgjaldi vegna katta kr. 4.300,- er standa á straum af kostnaði við dýraeftirlit. Einnig skal greiða skráningargjald vegna katta kr. 4.900,-. Gerður hefur verið samningur við félagið Villiketti en með honum er málefnum villikatta í bæjarfélaginu komið í fastan og betri farveg.

Samningur er við Kristján Jónsson um dýraeftirlit og einnig er í gildi samkomulag við Árborg um geymslu á dýrum sem dýraeftirlitsmaður fangar. Handsömunargjald verður hækkað verulega til að standa straum af kostnaði við dýraeftirlit í bæjarfélaginu.

## 09 SKIPULAGS- OG BYGGINGAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
13.534.000	12.805.000	1.440.000

### 09210 Skipulags- og byggingarnefnd.

Gert er ráð fyrir 8 fundum skipulags- og byggingarnefndar á árinu.

### 09220 Aðalskipulag

Endurskoðun aðalskipulags Hveragerðisbæjar lauk á árinu 2017. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á aðalskipulagi á árinu 2019.

### 09230 Deiliskipulag

Deiliskipulag vegna Álfafells og Friðarstaða mun fara fram á árinu 2019 ásamt deiliskipulagningu miðbæjarins. Líklegt má telja að um fleiri breytingar á deiliskipulagi bæjarins verði að ræða að næsta ári.

### 09520 Bygginga- og tæknideild

Gert er ráð fyrir að tæknideild vinni hluta af tæknivinnu bæjarins, sjái um útboð, tilboð og hafi eftirlit með þeim verkum sem í gangi eru á hverjum tíma.

Á árinu 2017 var ráðinn bygginga- og mannvirkjafulltrúi til bæjarins. Við það varð til staða skipulagsfulltrúa sem sinnir skipulagsmálum í hálfu starfi auk þess sem hann mun sjá um nýframkvæmdir og stefnumörkun á sviði fráveitu og vatnsveitu.

Gjaldskrá byggingargjalda verður hækkuð og tekur sú hækkun gildi við birtingu í Stjórnartíðindum í janúar.

- 0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri bygginga- og tæknideildar sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr.	2.850.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr.	855.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr.	9.973.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr.	9.973.000
Fasteignafélag Hveragerðisbæjar	Kr.	855.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr.	1.425.000
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Kr.	25.931.000

## 10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
60.940.000	83.029.000	74.803.000

Samkvæmt reikningssskilareglum skal fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvitar, gatnalýsing o.fl.) eignfærð, að frádregnum gatnagerðargjöldum, og afskrifuð í samræmi við almenna reikningssskilavenju og er viðmiðunarlíftími gatnakerfis 25 ár.

### 10310 Viðhald gatna og gangstétta

Á þennan útgjaldalið er fært viðhald vegna gatna og gangstétta.

- 0990 Vonir standa til að Vegagerðin muni endurgreiða hluta kostnaðar við endurbætur á götum sem falla undir viðhald á vegum Vegagerðarinnar.
- 4980 Aðkeypt vinna. Gert er ráð fyrir aðkeyptri vinnu við endurbætur gatnakerfis og gangstétta kr. 9 milljónir.
-

### **10530 Gangbrautir og umferðamerking**

Gert er ráð fyrir kr. 7.367 m.kr. í viðhald gangbrauta og umferðamerkingar en áformað er að gera átak í merkingu gangbrauta, miðlína og hámarkshraða.

### **10590 Götulýsing**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna götulýsingar. Þann 1.september 2003 hóf Hveragerðisbær greiðslu til RARIK samkvæmt gjaldskrá fyrir götulýsingu. Gert er ráð fyrir 14 m.kr. til þessa liðar.

### **10610 Snjómokstur og hálkueyðing**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingar 12 mkr

### **10710 Almenningsangöngur**

Á árinu 2008 tóku Hveragerðisbær og sveitarfélagið Árborg yfir rekstur almenningsangangna milli sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar þess var skrifað undir samstarfssamning við Strætó bs um umsjón með akstri á þessari sömu leið. Á árinu 2009 var aksturinn boðinn út og bærust hagstæð tilboð. Í kjölfarið var gengið til samninga við SBA - Norðurleið og framlag ársins 2010 lækkaði til muna. Þann 1. janúar 2012 tók SASS yfir reksturinn og gerðir voru nýir samningar við Vegagerðina, Strætó og akstursaðila um málaflökkinn.

Á þennan lið eru færðar kr. 60.000 vegna 15% endurgreiðslu á persónubundnum strætókortum til aðila sem stunda nám í framhalds- eða háskólum á svæðinu. Sala farmiða og korta færðist frá bæjarskrifstofu til Upplýsingamiðstöðvar á árinu 2013.

## **11 UMHVERFISMÁL**

Útgjöld þessa málaflökks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
64.061.000	71.386.000	81.818.000

### **11010 Umhverfisnefnd**

Gert er ráð fyrir að umhverfisnefnd fundi sjö sinnum á árinu 2019. Gert er ráð fyrir sýningunni Blóm í bæ í breyttu formi árið 2019. Áhersla verður á umhverfismál og sjálfbærni og stefnan er sett á að fá fleiri aðila á því sviði með í sýningarhaldið. Blóm og blómaskreytingar eru áfram í

brennidepli og gert ráð fyrir erlendum blómaskreytum sem taki þátt í LandArt verkefni. Settar eru 8 m.kr. til sýningarinnar. Settar eru 0,5 m.kr til ýmissa verkefna auk fræðslustarfs á vegum umhverfisnefndar sem skipuleggja mun fræðslustarf í tengslum við sýninguna og umhverfismál almennt.

### **11020 Umhverfisfulltrúi**

0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri umhverfisfulltrúa sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 1.476.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr. 443.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr. 5.167.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr. 5.167.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr. 738.000
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Kr. 12.991.000

### **11030 Vinnuskólinn**

Gert er ráð fyrir 22.881 m.kr. til starfsemi Vinnuskólans. Skipulag hans verður með sama sniði og undanfarin ár. Laun taka breytingum skv. kjarasamningi FOSS. Vinnutími er háður ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Skólagarðar og kofasmíði eru rekin samhliða Vinnuskóla.

### **11100 Aðrir leikvellir**

Á þennan lið er færður kostnaður vegna viðhalds leikvalla en gert er ráð fyrir að 2,8 m.kr. fari til viðhalds og endurnýjunar leikvalla. Gert er ráð fyrir að leiktæki sem þegar eru til verði sett upp á opnum svæðum og leikvöllum í bæjarfélaginu. Keyptur var ærslabelgur árið 2018 og var hann settur upp undir Hamrinum. Gert er ráð fyrir frágangi á svæðinu í kring og uppsetningu leiktækja sem þegar er til á því svæði.

### **11210 Skrúðgarður Fossflöt**

Gert er ráð fyrir kostnaði við umhirðu garðsins kr. 2.180 þúsund.

### **11230 Inngangshús við Hverasvæði**

Gert er ráð fyrir starfsmannahaldi yfir sumartímann og opnun að mestu leyti yfir vetrartímann. Tekjur vegna aðgangseyris eru áætlaðar kr. 9,2 m.kr.. Tekur áætlunin mið af rauntekjum ársins 2018 en aðsókn að

Hveragarðinum hefur heldur minnkað. Ennfremur er gert ráð fyrir tekjum af seldri þjónustu og vörum 2 m.kr. . Á árinu 2013 var hafin gjaldtaka af gestum svæðisins. Í upphafi var aðgangseyrir fyrir fullorðna 200,- kr. en var 300,- kr. árið 2018. Gert er ráð fyrir óbreyttum aðgangseyri árið 2019. Gert er ráð fyrir að af húsinu séu hefðbundin útgjöld en settar eru 4 m.kr. til viðhalds áhalda og er þá horft til endurnýjar og/eða breytinga á sýningu hússins.

#### **11270 Sláttur og áburður**

Gert er ráð fyrir kostnaði við þennan lið 9,5 m.kr.. Nýtt útboð á slætti á opnum svæðum bæjarfélagsins fór fram í upphafi árs 2018.

#### **11280 Önnur garðavinna**

Á þennan útgjaldalið er einkum færður kostnaður við áburð, illgresiseyðingu, haustlauka, sumarblóm og trjágróður, ásamt daglaunavinnu áhaldahúss vegna umhirðu bæjarfélagsins.

Hér er gert ráð fyrir 1 m.kr. í aðkeyptri vinnu. Aðkeypt efni vegna garðavinna (plöntur, fræ og áburður) verður kr. 4 m.kr.. Annar rekstrarkostnaður mun nema 2,5 m.kr.. Auk þessa er gert ráð fyrir vinnuframlagi áhaldahúss.

#### **11480 Jöfnun úrgangsmoldar**

Kostnaður vegna jöfnunar úrgangsmoldar og frágangs við jarðvegstipp í Hvammi fellur til á þessum lið. Á árinu 2018 verður ráðist í frágang á svæði sunnan við Dalsbrún þar sem safnast hefur fyrir jarðvegur og annar grófur úrgangur sem verður að fjarlægja. Gert er ráð fyrir kostnaði við þennan útgjaldalið um 3,8 m.kr..

#### **11610 Jólahátíð**

Á þennan lið er bókaður kostnaður við jólahátíð. Í honum felst uppsetning jólaskreytinga á götum og húseignum bæjarins, jólakveðjur Hveragerðisbæjar og jólagjöf starfsmanna. Til þessa liðar eru settar 6,3 m.kr..

#### **11630 Áramótabrenna**

Gert er ráð fyrir sama kostnaði við þennan útgjaldalið og undanfarin ár en áramótabrenna er við Þverbrekkur og sér HSSH um hefðbundna flugeldasýningu.

### **13 ATVINNUMÁL**

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
11.083.000	14.364.000	15.062.000

### 13620 Upplýsingamiðstöð Suðurlands

Upplýsingamiðstöð Suðurlands starfar sem upplýsingamiðstöð í flokki 1 á landsvísu. Samstarfsaðilar eru Ferðamálaráð, Ferðamálasamtök Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands(SASS) Einnig er rekið í Upplýsingamiðstöðinni pósthús í samvinnu við Póstinn.

Upplýsingamiðstöðin var opnuð 1. júlí 2000. Upplýsingamiðstöðin er í leiguhúsnæði að Sunnumörk 2. Samkvæmt samningi á Hveragerðisbær að setja kr. 2.9 milljónir til reksturs Upplýsingamiðstöðvar en frá upphafi starfseminnar hefur bæjarfélagið ávallt lagt til mun meiri fjármuni, nú er gert ráð fyrir raunverulegu framlagi bæjarins kr. 13,4 m.kr.. Fagráð starfar sem stjórn Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands og er bæjarstjóri formaður þess.

### 21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
139.832.000	124.452.000	132.751.000

### 21010 Bæjarstjórn

Fulltrúar í bæjarstjórn sem og aðrir fulltrúar í nefndum og ráðum fá greiddar fastar mánaðarlegar greiðslur fyrir störf sín og eru greiðslurnar ákveðið hlutfall af þingfararkaupi. Reglurnar voru endurskoðaðar og samþykktar á fundi bæjarstjórnar þann 14. desember 2017. Fundir bæjarstjórnar eru haldnir annan fimmtudag í mánuði samkvæmt samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar. Bæjarstjórn er venjulega í fríi í júlí og ágúst og er bæjarráði þá falin fullnaðarafgreiðsla mála enda sé afgreiðsla mála án ágreinings. Fundir bæjarstjórnar eru öllum opnir.

Gert er ráð fyrir lögfræðikostnaði sem færður er á bæjarstjórn 1.5 m.kr. til hans árið 2019.

Gert er ráð fyrir stuðningi við stjórn málaflokka í samræmi við reglur sveitarfélagsins þar um 0,75 m.kr. þar er gert ráð fyrir beinum stuðningi

auk greiðslu fasteignagjalda vegna húsnæðis í eigu stjórnmalafélaga. Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 9 m.kr., þar af eru 7 m.kr. sérstaklega til ráðstöfunar vegna veikindaforfalla starfsmanna Hveragerðisbæjar. Gert er ráð fyrir að forstöðumenn sækji í þennan sjóð sjá þeir fram á þörf fyrir aukafjárveitingu vegna forfalla. Til síðari ráðstöfunar bæjarstjórnar eru settar 2 m.kr.

### **21020 Bæjarráð**

Gert er ráð fyrir að bæjarráð fundi 24 sinnum á árinu. Fundir bæjarráðs eru 1. og 3. fimmtudag í hverjum mánuði. Fundir bæjarráðs eru lokaðir. Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 1,5 m.kr. til kynningarmála og annarra verkefna.

### **21070 Endurskoðun**

Gerður hefur verið samningur við Deloitte endurskoðunarfyrirtæki um endurskoðun Hveragerðisbæjar.

### **21400 Bæjarskrifstofa**

Framlög til málaflöksins hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
74.786.000	59.048.000	61.153.000

- 0780 Eftirtaldar stofnanir greiða þátttöku í rekstri bæjarskrifstofu:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr.	10.110.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr.	2.022.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr.	10.110.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr.	10.110.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr.	3.033.000
Fasteignafélag Hveragerðisbæjar	Kr.	3.033.000
Heimilið Birkimörk	Kr.	1.525.000
Samtals	Kr.	39.943.000



Í september 2017 flutti bæjarskrifstofan í nýtt húsnæði að Breiðumörk 20. Fasteignafélagið Reitir er eigandi hússins og greiddi það einnig fyrir hönnun og innréttingar í hinu nýja húsnæði. Leigusamningur sem í gildi var vegna bæjarskrifstofu í Sunnumörk er fluttur yfir á hið nýja húsnæði en um leið lengist hann um tvö ár. Í samningnum er jafnframt gert ráð fyrir þeim möguleika að Hveragerðisbær eignist húsið að leigutíma loknum. Með flutningnum hafa bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar fengið veglegan sess og lífgar sú starfsemi jafnframt uppá gamla miðbæinn. Hefur flutningurinn hvarvetna mælst vel fyrir.

- 1110 Heimiluð stöðugildi á bæjarskrifstofum eru 5,55 með stöðugildi bæjarstjóra. Gert er ráð fyrir ráðningu afleysingamanns í sumarleyfum starfsmanna.

#### **21450 Álagning og innheimta**

Gert er ráð fyrir 9,7 m.kr. vegna álagningar og innheimtu. Fyrirtækið Motus sér um milliinnheimtu Hveragerðisbæjar. Á þennan lið eru einnig færð kaup á álagningarskrá fasteigna og greiðsla bæjarins vegna innheimtu staðgreiðslu.

#### **21510 Vinabæjamót - móttaka gesta**

Til þessa liðar eru settar 500 þúsund til að mæta kostnaði við móttöku gesta.

#### **21550 Kynning bæjarfélagsins**

Á þennan lið eru færð útgjöld til starfsemi sem miðar að því að upplýsa íbúa Hveragerðisbæjar, ferðamenn og aðra um þá þjónustu sem er í boði í bæjarfélaginu. Kostnaður vegna heimasíðu færir á þennan lið. Gert er ráð fyrir nýrri heimasíðu til kynningar á bæjarfélaginu. Til kynningarmála eru settar 4,5 m.kr..

#### **21610 Kjarasamningar**

Hveragerðisbær er aðili að Launanefnd sveitafélaga. Launanefndin hefur umboð frá Hveragerðisbæ til að semja við bæjarstarfsmenn sem eru félagar í FOSS, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Félagi tækniþræðinga og stéttarfélagum kennara. Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna starfskjara- og starfsmatsnefnda sem og kostnaðarhlutdeildar við Launanefnd sveitarfélaga.

#### **21620 Starfsmannahald**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna váttrygginga starfsfólks ásamt framlagi til Starfsmannafélags Hveragerðisbæjar. Í byrjun mars 2019 mun samningur við Vinnuvernd falla úr gildi í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunar. Þó er hér áfram gert ráð fyrir kostnaði við trúnaðarlæknisþjónustu. Ennfremur færist hér kostnaður vegna árshátíðar starfsmanna 1,5 m.kr..

#### **21710 Framlag til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga**

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands var lagt niður frá og með 1. janúar 2016 og starfsemi þess færð undir SASS. Ennfremur hefur starfsemi Menningarráðs Suðurlands verið færð undir SASS. Framlög til SASS taka mið af þessari breytingu sem og því að Sóknaráætlun Suðurlands heyrir þar undir einnig. Hér er einnig færð hlutdeild Hveragerðisbæjar í iðjubjálfa sem starfar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
5.561.000	6.094.000	6.434.000

#### **21720 Framlag til Héraðsnefndar Árnesinga**

Framlagið sem er ákvarðað í samræmi við fjárhagsáætlun Héraðsnefndar fyrir árið 2019 hefur þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
9.654.000	4.249.000	5.551.000

Lækkun á milli ára skýrist af því að ekki er lengur lagt fram framlag til byggingar verkmenntahúss við FSu en hátt framlag ársins 2017 skýrist einnig með framlagi til Brúar lífeyrissjóðs.

#### **21920 Afskriftir og niðurfærsla**

Á þennan gjaldalið er áætlað fyrir töpuðum kröfum bæjarsjóðs.

### **22 LÍFEYRISSJÓÐSSKULDBINDINGAR**

Á þennan málaflökk eru færðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sem greitt hafa í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Einnig er hér færð áætluð hækkun á lífeyrisskuldbindingu ársins 2019.

**31 EIGNASJÓÐUR**

Í samræmi við reikningsskilareglur sveitarfélaga eru allar eignir A-hluta bæjarsjóðs eignfærðar í sérstökum eignasjóði og afskrifaðar miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Afgjald til þess að mæta afskriftum, fjármagnskostnaði og viðhaldi er reiknað til tekna hjá eignarsjóði en til gjalda á mismunandi málaflokka. Afgjaldið sem Eignasjóður reiknar vegna “afnota” viðkomandi eignar er þrennskonar, í fyrsta lagi er afgjald sem tekur mið af almennum þjónustubyggingum sveitarfélaga en það er samkvæmt eftirfarandi;

<b>Afgjald</b>	
Fjármagnskostnaður	5,50%
Afskriftir	2,50%
Skattar og tryggingar	1,20%
Viðhald húsa og lóða	2,00%
Umsýslukostnaður	0,50%
<b>Afgjald samtals</b>	<b>11,70%</b>

Í öðru lagi er afgjald sem tekur mið af húsnæði sem nýtt er fyrir leikskóla en þar er viðhaldspáttur 3,00% og afgjaldið því 12,70%.

Í þriðja lagi er afgjald sem tekur mið af eignum sem eru að fullu afskrifaðar en þar er afgjaldið 9,20%.

Eignir sem tilheyra Eignasjóði:

31-26	Austurmörk 20	Áhaldahús
31-28	Breiðumörk 26	Skólastofur (Mjólkurbú)
31-29	Þórsmörk 1A	Verður selt á árinu 2018.
31-32	Austurmörk 20	Slökkvistöð
31-33	Breiðamörk 24	Verkmenntahús (Kaupfélag)
31-34	Breiðumörk 26	Íbúð
31-36	Breiðumörk 31	Listamannahús (Varmahlíð)

31-37	Skólamörk 6	Grunnskóli
31-38	Breiðamörk	Frístundaskóli/ - Félagsmiðstöð
31-39	Laugarskarð	Sundlaug
31-40	Reykjamörk	Tjaldsvæði
31-41	Hveramörk	Aðstöðuhús á Hverasvæðinu
31-42	Skólamörk 2	Ípróttahús
31-43	Aðstöðuhús	V. Grýluvöll
31-45	Finnmörk 1	Leikskólinn Óskaland
31-46	Þelamörk 62	Leikskólinn Undraland
31-47	Sunnumörk/Breiðumörk 20	Leiguhúsnæði
31-51	Bifreið v/ fatlaðra	
31-61	Birkimörk 21-27	Heimili f. fatlað fólk
31-62	Gatnakerfi	
31-63	Þelamörk	Gróðurhús
31-67	Álfafell	Geymsluhúsnæði
31-70	Friðarstaðir	Húsakostur á bújörð

Helstu kostnaðarliðir vegna viðhaldsframkvæmda á eignum bæjarins eru:

- **Austurmörk 20 – áhaldahús**  
Gert er ráð fyrir almennu viðhaldi fyrir 500 þúsund.
- **Austurmörk 20 – slökkvistöð**  
Framlag til viðhalds nemur 1 m.kr.. Gert er ráð fyrir viðhaldi á gluggum, þaki og hurðum vegna leka.
- **Grunnskólinn í Hveragerði**  
Framlag til viðhalds húsa nemur 10 m.kr.. Gert er ráð fyrir viðhaldi veitukerfa og brunakerfis 2,5 mkr, og viðhaldi brunakerfis í verkmenntahúsi 1 m.kr. Endurbætur á hljóðvist 0,5 mkr og öðru viðhaldi svo sem við gólfefni, glugga, hurðir, steiningu á eldri byggingu o.fl. 6 mkr.  
Gert er ráð fyrir viðhaldi lóðar fyrir 200 þúsund.
- **Bungubrekkja - Frístundaskóli / félagsmiðstöð**  
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss og lóðar fyrir 1.150 þúsund.

- **Sundlaugin Laugaskarði**  
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss og lóðar fyrir 2,5 m.kr.. Á árinu 2019 verður haldið áfram að endurnýja sundlaugarhúsið en kostnaður við það fer af fjárfestingu.
- **Tjaldsvæðið við Reykjamörk**  
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss og lóðar fyrir 2 mkr.
- **Inngangshús við Hveramörk**  
Til viðhalds lóðar eru settar 1 m.kr. . Auk þess er gert ráð fyrir 0,5 m.kr. til viðhalds inngangshúss..
- **Íþróttahús við Skólamörk**  
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 5 m.kr..  
Ráðast þarf í ýmislegt tilfallandi viðhald íþróttahúss á árinu.
- **Leikskólinn Óskaland**  
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 1,5 m.kr.. Gert er ráð fyrir áframhaldandi úrbótum á hljóðvist á deildum, viðhaldi veitulagna og öðru tilfallandi viðhaldi á árinu. Til viðhalds lóðar eru settar 1 m.kr.
- **Leikskólinn Undraland**  
Gert er ráð fyrir tilfallandi viðhaldi húss og lóðar 1,5 m.kr.
- **Birkimörk**  
Gert er ráð fyrir viðgerðum á húsi og lóð 3,1 m.kr.

### 33 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
34.488.000	32.985.000	48.032.000

#### 33110 Daglaunamenn

- 0730 Reiknuð vinna til eigin nota.
- 1110 Mánaðarlaun, laun lausráðinna, yfirvinna og launatengd gjöld.  
Gert er ráð fyrir 5.5 stöðugildum í áhaldahúsi auk 2 stöðugilda í afleysingar.

#### 33210 Annar rekstrarkostnaður áhaldahúss

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við þennan útgjaldalið og áður hefur verið.

#### **47 VATNSVEITA**

Dreifikerfi Vatnsveitu Hveragerðisbæjar nær til alls sveitarfélagsins að undanskyldri lóð Náttúrulækningafélags Íslands en félagið rekur sína eigin vatnsveitu. Auk þess nær dreifikerfið til orlofsbyggðarinnar Ölfusborga, Ölfusi skv. sérstökum samningi þar um. Heildartekjur vatnsveitu hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
56.521.000	45.160.000	46.593.000

#### **47010 Vatnsgjald/Notkunargjald**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir vatns- og notkunargjald skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Álagningarstofn vatnsgjalds er fasteignamat fasteigna sem vatnsins geta notið og er álagningarprósentan fyrir árið 2018 0,06% af fasteignamati fasteigna í A – flokki en 0,17% af fasteignum í B-og C-flokki. Innheimta aukavatnsgjalds hjá öllum fyrirtækjum í Hveragerði hófst síðla árs 2007 og mun gjaldið verða 13,- kr. pr. tonn árið 2019. Jafnframt er innheimt mælaleiga sem er föst krónutala ákvörðuð af bæjarráði en mælar hafa verið settir upp í fyrirtækjum bæjarins. Mælaleiga verður af minni mælum kr. 7.400,- og af stærri mælum kr. 29.300,-. Er þessi upphæð í samræmi við raunkostnað við mælana.

#### **47050 Stofngjald vatnsveitu**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir heimæðargjald fyrir lagningu heimæða til notenda skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Heimæðargjald er skv. ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni. Gert er ráð fyrir tekjum 4,1 m.kr. á þessum lið árið 2019.

#### **47110 Vatnsból og dælur**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar starfrækir tvö vatnsból, á Selhæðum norðan Hamars eru þrjár borholur sem gefa samtals um 60 l/sek og annað undir Reykjafjalli sem gefur núna um 20l/sek. Hámarks vatnspörf bæjarins er nú um 45 l/sek. Vatni er dælt frá báðum stöðum inn á aðveitukerfi vatnsveitunnar. Með tilkomu vatnsbólins undir Reykjafjalli jókst rekstraröryggi vatnsveitunnar til muna og en einnig var það jákvætt að vatn í því vatnsból er kaldara en á Selhæðum og hefur það orðið til þess að vatn er kaldara en áður var.

Til þessa liðar eru settar 8,3 m.kr. á árinu 2019.

#### **47210 Aðveitukerfi**

Aðveitukerfi liggur frá vatnsbólum við Selhæðir að miðlunartanki sem er staðsettur undir austurhlíðum Hamarsins. En vatn frá vatnsbólum undir Reykjafjalli tengist dreifikerfi bæjarins við Sundlaugina í Laugaskarði. Miðlunartankurinn er hluti af aðveitukerfi bæjarins og tekur 750 tonn af vatni.

#### **47310 Dreifikerfi**

Hveragerðisbær dreifir vatni um dreifikerfi vatnsveitunnar, frá miðlunartanki til notenda. Dreifikerfið nær frá miðlunartanki að heimæðum. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs dreifikerfisins.

#### **47360 Heimæðar**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar sér um lagningu allra heimæða og annast og kostar viðhald þeirra. Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu Hveragerðis í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli Hveragerðisbæjar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs heimæða. Gert er ráð fyrir að til þessa liðar verði varið 2,485 m.kr. á árinu 2019.

#### **47610 Stjórnun**

Inn á þennan lykil færast gjöld vegna stjórnunar- og skrifstofuhalds vatnsveitunnar, s.s. félagsgjöld, tryggingar og þátttaka í rekstri tæknideildar, mannvirkja - og umhverfisfulltrúa og bæjarskrifstofunnar.

### **49 FRÁVEITA**

Fráveita Hveragerðisbæjar starfrækir fráveitukerfi sem nær frá lóðamörkum lóða í Hveragerði að viðtaka sem er fráveitumannvirki að Vorsabæ. Fráveitukerfið í Hveragerði er tvöfalt kerfi, skólþ- og regnvatnskerfi. Lóðarhafar sjá um viðhald á lögnum frá húsum sínum að lóðarmörkum.

Heildartekjur fráveitu hafa próast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019
103.455.000	93.474.000	111.958.000

#### **49040 Fráveitugjald**

Fráveita Hveragerðisbæjar innheimtir fráveitugjald skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Álagningarstofninn er fasteignamat fasteigna sem tengjast fráveitukerfi bæjarins og er álagningarprósentan fyrir árið 2019 0,210% af fasteignamati fasteigna í A, B og C flokki.

#### **49050 Tengigjald fráveitu**

Gert er ráð fyrir tekjum, 18 m.kr. vegna þessa liðar árið 2019.

#### **49110 Viðhald og rekstur fráveitu**

Árið 2019 er gert ráð fyrir viðhaldi og rekstri fráveitu að upphæð 6,6 m.kr.

#### **49130 Skólphreinsistöð**

Á vormánuðum árið 2002 var tekin í notkun skólphreinsistöð á bökkum Varmár sem uppfyllir ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Vegna stórákains kostnaðar við flutning og urðun seyrur að Álfsnesi hefur hún verið nýtt til jarðvegsbóta og skógræktar m.a. á lóð hreinsistöðvarinnar. Gert er ráð fyrir framkvæmdum við skólphreinsistöð á árinu 2019 að upphæð 2 m.kr. Einnig eru settar 2,2 m.kr. til viðhalds áhalda vélasamstæðu. Til viðhalds húss eru settar 2 m.kr. Framlag til viðhalds lóðar verður 1,7 m.kr.

### **57 FÉLAGSBÚSTAÐIR HVERAGERÐISBÆJAR**

#### **57010 Stjórnunarkostnaður**

Gert er ráð fyrir hlutdeild félagsbústaða í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir kr. 1,5 m.kr. í tilfallandi viðhald á húsnæði á vegum Hveragerðisbæjar. Jafnframt er gert ráð fyrir kaupum á einni félagslegri leiguíbúð.

	Heiti eignar
57-21	Heiðmörk 24h
57-24	Heiðmörk 10



## **61 FASTEIGNAFÉLAG HVERAGERÐIS**

### **61010 Yfirstjórn**

Gert er ráð fyrir 4 fundum í stjórn Fasteignafélags Hveragerðis á árinu 2019. Gert er ráð fyrir endurskoðun og ráðgjafarþjónustu á árinu 2019 0,25 m.kr.. Gert er ráð fyrir hlutdeild fasteignafélagsins í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar.

### **61100 Hamarshöll**

Gert er ráð fyrir leigutekjum frá Hveragerðisbæ rúmlega 15,757 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir sérfræðikostnaði 0,6 m.kr. og almennu viðhaldi 2 m.kr..